

Mánudaginn 26. nóvember 1962.

Nr. 10/1962. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps**

(Egill Sigurgeirsson hrl.

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Gagnaöflun.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta telur Félagsdómur rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að aflað verði eftirtalinna gagna:

1. Fram er komið í félagsdómsmálinu nr. 7/1962 að stefndi hafi 21. júní 1958 sent einstökum félagsmönnum og félagsdeildum sínum kjarasamning þann, er gerður var 13. júní 1958 milli hans og „Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.“ með ósk um, að hann yrði „tekinn til afgreiðslu hið allra fyrsta“ og stefnda „tilkynnt þegar í stað um afgreiðslu“ á honum. Í því sambandi skal upplýst: a) Hvað margir og hverjir tilkynntu stefnda samþykki sitt og með hvaða hætti, b) Hvað margir útvegsmenn eða útgerðarmannafélög tilkynntu verklýðs- og sjómannafélagi því, er hlut átti að máli, að þeir samþykktu samninginn fyrir sitt leyti, og með hvaða hætti var sú staðfesting gerð. c) Neituðu nokkrir útvegsmenn eða útvegsmannafélög að samþykkja kjarasamninginn.
2. Rétt þykir og að verklýðs- og sjómannafélögin gefi upplýsingar um þessi atriði: a) Með hvaða hætti tilkynntu „Sjómannasamtökin innan A. S. Í.“ einstökum verklýðsfélögum nefnda samningsgerð. b) Hve mörg og hvaða verklýðsfélög samþykktu samninginn frá 13. júní 1958 sérstaklega. c) Hvaða félög tilkynntu alþýðusambandinu eða „Sjómannasamtökunum“ samþykki sitt. d) Hvaða félög tilkynntu útvegs-

mönnum eða útvegsmannafélögum, er hlut áttu að máli, samþykki sitt.

3. Sömu upplýsinga og raktar eru í 1 og 2 skal aflað um samkomulag það, er undirritað var 15. maí 1959 milli „Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.“ og Landsambands íslenzkra útvegsmanna.
4. Lögð skal fram skrá yfir þá útgerðarmenn og útgerðarmannafélög, sem sögðu upp samningum þeim, er um ræðir í þessu máli, fyrir 1. apríl 1961 eða til niðurfellingar 1. júní f. á.

Loks skal aflað annarra þeirra gagna, sem framangreind gagnaöflun gefur tilefni til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra gagna svo fljótt, sem unnt er.

Föstudaginn 18. janúar 1963.

Nr. 10/1962. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Deilt um gildi kjarasamninga á síldveiðum.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna með stefnu, dags. 15. nóv. f. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:
að dæmt verði, að kjarasamningur milli aðilja máls þessa,